

# Umhverfisskýrsla 2021



# Inngangur

Höldur ehf - Bílaleiga Akureyrar leggur áherslu á að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við umhverfið og samfélagið í heild. Félagið leggur sig fram um að leita stöðugt leiða til umbóta í átt að sjálfbærni og vill þannig axla ábyrgð á þeim áhrifum sem rekstur fyrirtækisins hefur á samfélagið og umhverfið.

Höldur leggur áherslu á ábyrga nýtingu auð- linda og lágmörkun úrgangs og losun gróður- húsalofttegunda. Frá árinu 2009 hefur Höldur unnið í samræmi við umhverfisstefnu félagsins þar sem áhersla er lögð á stöðugar umbætur í umhverfismálum til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í rekstri Hölds. Umhverfisþættir félagsins eru vaktaðir og greindir í samræmi við kröfur umhverfisstjórnunarstaðalsins ISO 14001 og

helstu umhverfisþættir byggja á orkunotkun, lækkun losunar vegna aksturs, úrgangi þ.m.t. spilliefnum, náttúru og landgræðslu.

Orkuskipti í samgöngum er veigamikill þáttur í að draga úr losun og fyrirtækið hefur sett árleg markmið um aukið hlutfall visthæfra ökutækja (rafmagns- og tengiltvinnbíla) í heildarflota fyrirtækisins.



# Umhverfisstefna

Okkur hjá Bílaleigu Akureyrar er mikilvægt að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við samfélagið og umhverfið í heild. Við vinnum því að stöðugum umbótum í umhverfismálum til lágmarka umhverfisáhrif af rekstri fyrirtækisins. Bílaleiga Akureyrar stuðlar að aukinni umhverfisvitund starfsmanna og leggur áherslu á ábyrga nýtingu auðlinda og lágmarkun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda.

## Bílaleiga Akureyrar ætlar að:

- Tryggja að starfsfólk hljóti þjálfun og sé upplýst um umhverfisþætti fyrirtækisins og að alltaf sé farið að lögum og reglugerðum um umhverfismál.
- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá bílaflota fyrirtækisins.
- Flokka þann úrgang sem til fellur hjá fyrirtækinu og virkja starfsfólk til betri nýtingar hráefna og endurnotkunar sé þess kostur.
- Vinna að vöktun umhverfisþátta fyrirtækisins.
- Upplýsa viðskiptavinum sínum um orkusparandi akstur og umgengni við náttúru landsins.
- Halda grænt bókhald og gefa árlega út umhverfisskýrslu til að upplýsa almenning um stöðu umhverfismála hjá fyrirtækinu.
- Styðja landgræðsluverkefni á Íslandi.



# Losun gróðurhúsalofttegunda

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi félagsins jókst milli ára. Hins vegar þarf að taka tilliti til þess í samanburðinum að nýjum lið var bætt inn í umfang 3 í losunarbókhaldið árið 2021 en það er losun vegna eldsneytisnotkunar viðskiptavina. Losun í umfangi 1 jókst um 30% milli ára, umfang 2 lækkar lítillega en talsverð aukning er á losun í umfangi 3.

	Áhrif	Eining	2019	2020	2021
Heildarlosun umfang 1	Bein	tCO2í	116,03	87,06	112,77
Losun vegna eigin aksturs	Bein	tCO2í	116,03	87,06	112,77
Heildarlosun umfang 2	Óbein	tCO2í	22,28	11,3	9,7
Losun vegna raforkunotkunnar	Óbein	tCO2í	9,31	11,3	9,7
Losun vegna notkunnar á heitu vatni til húshitunar	Óbein	tCO2í	12,97	0	0
Heildarlosun umfang 3	Óbein	tCO2í	78,2	200,03	253,26
Losun vegna flugs starfsmanna	Óbein	tCO2í	8,91	3,06	6,07
Losun vegna urðun úrgangs (almennur og lífrænn)	Óbein	tCO2í	37,55	38,17	27,3
Losun vegna urðun á grófum úrgangi frá framkvæmdum	Óbein	tCO2í	28,45	120,53	35,8
Losun vegna urðun á úrgangi frá sand,-og olíugildrum	Óbein	tCO2í	3,29	38,27	20,7
* <sup>1</sup> Losun vegna eldsneytisnotkunar viðskiptavina	Óbein	tCO2í	-	-	163,39
* <sup>2</sup> Samtals losun GHG - Kolefnisspor án bindingar		tCO2í	216,51	298,39	375,73
Samtals losun GHG - per starfsmann		tCO2í	0,93	1,60	1,57
Vænt kolefnisbinding með eigin gróðursetningu		tCO2í	407	167	0
Kolefnisspor með væntri bindingu		tCO2í	-190,49	131,39	375,73
Fjöldi starfsmanna		Fjöldi	232	187	240
Lykiltölur		Eining	2019	2020	2021
Raforkunotkun		kWst	1.001.332	1.159.627	985.330
Heitt vatn til húshitunar		M3	79.857	88.875	89.834
Úrgangur heildarmagn		kg.	239.219	338.767	313.162
Endurunnið/Endurnýtt		kg.	176.330	183.911	215.431
Lífrænt til moltugerðar		kg.	3.283	3.851	3.041
Urðaður almennur úrgangur		kg.	28.625	28.850	30.460
Urðaður grófur úrgangur vegna framkvæmda		kg.	28.451	92.715	40.670
Urðaður úrgangur frá olíu,-og sandgildrum		kg.	2.530	29.440	23.560
Spilliefni		kg.	5.621	5.536	7.534
Endurvinnsluhlutfall		%	78	55	70
Hlutfall flokkaðs úrgangs		%	76	65	77
Endurvinnsluhlutfall án grófs úrg. og úrg. frá olíu og sandgildrum		%	86	87	87,8

\*<sup>1</sup> Nýr liður 2021: Eldsneyti á nýja bíla sem notað af viðskiptavinum og því ekki eigin eldsneytisnotkun Hölds.

\*<sup>2</sup> Við útreikninga á kolefnisspori er stuðst við reiknivél Eflu og Festu miðstöð um samfélagsábyrgð.

Reiknivélin byggir á aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol og var síðast uppfærð í nóvember 2021

# Áherslur í loftlagsmálum



Orkuskipti í samgöngum hafa á undanförunum árum hlotið aukið vægi í rekstri Hölds og fyrirtækið hefur tekið virkan þátt í ýmsum verkefnum og viðburðum er varða orkuskipti.

Áherslan á orkuskipti kom skýrt fram í markmiðum sem sett voru fyrir árið 2021. Metnaðarfullt verkefni um uppbyggingu hleðsluinnviða fyrirtækisins gekk vonum framur og settar voru upp 35 nýjar hleðslustöðvar á 5 starfsstöðvum og heimtaug stækkuð á starfsstöðinni að Skútuvogi 8 í Reykjavík.

Aðrar starfsstöðvar þar sem settar voru upp hleðslustöðvar eru við Njarðargötu í Reykjavík, Tryggvarbraut 12 á Akureyri, Lagarbraut 4 á Egilsstöðum og við Keflavíkurflugvöll.

Meðal annara markmiða á árinu 2021 má nefna aukið hlutfall vishæfra ökutækja (rafmagns- og tengiltvinnbíla) í heildarflota fyrirtækisins en hlutfall vishæfra ökutækja af heildarflota hækkaði úr 9,86% árið 2020 í 16,27% árið 2021 en markmið var um 15% hlutfall og árangur því umfram væntingar.

Þá gerði fyrirtækið samning um samstarf við Kolvið á árinu 2021 og nú geta viðskiptavinir kolefnisbundið til móts við losun akstur á bílaleigubílum fyrirtækisins.



# Orkunotkun

**Rafmagn** er notað til lýsingar og annarrar almennrar notkunar í rekstri fyrirtækisins. Lögð er áhersla á að starfsfólk spari notkun rafmagns og slökkvi á rafmagnstækjum þegar þau eru ekki í notkun.

**Heitt vatn** er notað til upphitunar á húsnæði og að einhverju leyti við þrif á bílum yfir vetrarmánuðina. Áhersla er lögð á að heitu vatni sé ekki sóað og eru starfsmenn hvattir til að spara notkun á heitu vatni eins og kostur er.

**Kalt vatn** er notað við þrif á bifreiðum fyrirtækisins en stýring er á kaldavatsnotkun í sjálfvirkum bílþvottavélum á þeim starfs- stöðvum sem búnar eru slíkum vélum. Þá er áhersla lögð á að farið sé sparlega með kalt vatn í annarri notkun og á þeim starfs- stöðvum sem ekki nota sjálfvirka bílþvottavél.



# Umgengni við náttúruna

Líkt og undanfarin ár var áhersla lögð á upplýsingagjöf til viðskiptavina fyrirtækisins varðandi umgengni við náttúru landsins. Bann við utanvega akstri er áberandi í þeirri upplýsingagjöf auk almennrar umgengni ferðamanna við landið. Akstur utan vega getur valdið rofi og sári á jarðvegi sem getur tekið langan tíma að gróa og því þarf að leita allra leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

Viðskiptavinum er afhent tímarit sem fyrirtækið gefur út en þar er meðal annars tekið fram að akstur utan vega sé bannaður samkvæmt lögum og gert grein fyrir afleiðingum slíks aksturs. Þá er þar að finna hvatningarorð til ferðamanna um að ganga á merktum stígum, flokka sorp og ganga almennt vel um náttúruna.

Á heimasíðu fyrirtækisins eru einnig upplýsingar um leiðir til að minnka orkunotkun á akstri og stunda þannig „vistakstur“.

Á upplýsingaskjám á afgreiðslustöðum okkar er einnig að finna ýmsa þætti sem tenjast umhverfis og öryggismálum. Starfsmenn fyrirtækisins hljóta fræðslu og þjálfun í því hvernig bregðast á við umhverfisóhöppum og búnaður til að hreinsa upp eftir t.d. olíuleka er í þjónustubifreiðum okkar til að hægt sé að bregðast við óhöppum og minnka líkur á að óæskileg efni berist í náttúruna.



# Aukin umhverfisvitund starfsfólks

Fræðsla og þjálfun er mikilvægur þáttur í því að auka gæði og efla umhverfis- og öryggisvitund. Á árinu 2021 voru haldin fjölmörg námskeið af ýmsum toga en þar má nefna námskeið í efnastjórnun, námskeið vegna öryggis ferðamanna, þjónustunámskeið og umhverfisstjórnun.

Nýjir starfsmenn hjá fyrirtækinu sækja nýliðanámskeið og hljóta fræðslu í gæða- umhverfis- og öryggismálum þegar þeir hefja störf. Þar er stefna og skipulag skoðað auk þess að farið er yfir viðbúnað og viðbrögð við umhverfisatviki eða neyðarástandi. Bílaleiga Akureyrar stendur einnig fyrir markvissri endurmenntun starfsmanna allt árið um kring til að viðhalda og auka þekkingu og færni innan fyrirtækisins.